

# Smart tússtöflumálning (Hvít/glær)

SmarterSurfaces™

## MÁLAD MEÐ TÚSSTÖFLUMÁLNINGU

Áður en þú málar með tússtöflumálningunni skaltu lesa þessar leiðbeiningar vandlega. Þú getur líka horft á leiðbeiningarmyndböndin fyrir [hvíta](#) og [glæra](#) tússtöflumálningu á vefsíðunni okkar. Taktu eftir að þegar dósin hefur verið opnuð og efnunum blandað saman hefur þú einungis eina klukkustund til að nota tússtöflumálninguna. Hanskar fylgja í pakkanum og við mælum einnig með að nota hlífðargleraugu.

### 1 MÆLDU FLÖTINN

- Mældu flötinn vandlega til að fullvissa þig um að málningin verði næg á hann
- Ekki reyna að „teygja“ málninguna yfir stærri flöt en mælt er með að hún þeki

### 2 UNDIRBÚÐU YFIRBORÐIÐ

- Passaðu að verja svæðið umhverfis flötinn sem á að mála
- Spartlaðu í göt og sprungur (tússtöfluyfirborðið verður jafn slétt og undirlagið býður upp á)
- Slípaðu niður ójöfnur eftir spörtlun með slípi kubbinum sem fylgir í pakkanum
- Grunnaðu öll spörtluð svæði

### 3 GRUNNAÐU FLÖTINN

Grunnaðu 2 umferðir (3 á ógrunnað spartl) af hvítum grunni áður en þú málar með hvítu tússtöflumálningunni.

Taktu eftir: Hefðbundin akrýlþeyta/latexmálning dugir ekki sem grunnur

Grunnaðu með glærum grunni áður en þú málar með glæru tússtöflumálningunni þegar þú málar:

- nýjan við eða samsett efni
- ný gljúp eða þurr efni eins og spartl eða steypu
- efni sem drekka í sig eins og veggfóður

#### Notkun á grunni

- Notaðu rúllu eða pensil
- Yfirborðið verður að vera hreint og þurrt áður en þú málar
- Hrærðu grunn vandlega fyrir notkun
- Þurrktími er 2-4 klst. milli umferða og 12 klst. eftir lokaumferð

### 4 NOTKUN VERKFÆRA

Tússtöflumálninguna skal mála á flötinn með nýrri rúllu (fylgir í pakkanum), pensli og notaðu bakka. Snerting málningar við vatn eða leysiefni veldur efnahvörfum sem hefur áhrif á endingu.

**Athugaðu:** Hægt er að nota stærri rúllur. Við mælum með hágæða svamp- eða móhár-rúllum. Ef móhár-rúlla verður fyrir valinu verður að hreinsa öll laus hár úr henni fyrir notkun.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | [www.serefni.is](http://www.serefni.is)

## 5 BLANDAÐ OG HRÆRT

- Helltu úr öllum Part A brúsum út í Part B dós
- Það er mjög mikilvægt að hræra vandlega með prikinu sem fylgir í pakkanum í að minnsta kosti fimm mínútur.
- Málaðu innan klukkustundar frá blöndun
- Þegar efnunum hefur verið blandað saman verður að mála innan klukkustundar (hátt hitastig styttr þann tíma)


## 6 MÁLAÐU MEÐ TÚSSTÖFLUMÁLNINGU

- Málaðu í 1 fermetra svæðum
  - Málaðu umhverfis brúnirnar á fyrsta 1 fermetra fletinum með nýjum pensli
  - Rúllaðu svo þennan flöt með nýrri rúllu
  - Rúllaðu yfir allan flötinn 10 sinnum til að tryggja þétt, slétt og jafnt lag
  - Eftir hvern fermetra skaltu skoða nýmálað yfirborðið frá þremur sjónarhornum í leit að yfirborðsgöllum.
- Athugaðu hvort grisji einhvers staðar í gegn eða hvort filman sé óslétt. Notaðu meiri málningu þar sem þarf
- Fullvissaðu þig um að hver fermetri sé nógu vel málaður til að nýtast sem ritflötur áður en þú málar þann næsta
  - Þegar fyrsti fermetrinn er tilbúinn og gaumgæfilega skoðaður skaltu taka til við þann næsta og endurtaka og svo koll af kolli þar til heildarflöturinn er tilbúinn

## 7 ÞURRKTÍMI TÚSSYFIRBORÐIÐ TILBÚIÐ

Taktu eftir að flöturinn er tilbúinn til notkunar fjórum til sjö dögum eftir málun. Þá má skrifa á hann og þurrka af. Passaðu samt að hreinsa allan túss af fletinum daglega fyrstu sjö dagana eftir málun

- Festu „Nýmálað“ („Wet Paint“) skiltið á vegginn til hliðar við nýmálaða svæðið
- Tússtöflumálningin er snertiþurr eftir fimm klst.
- Tússtöflumálningin mun taka sig fyrstu 30 dagana eftir málun sem þýðir að auðveldara verður að þurrka af henni



**Flöturinn gæti virst þurr en það verða samt alltaf að líða 4 dagar áður en skrifa má á hann**



**SÉREFNI**

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | [www.serefni.is](http://www.serefni.is)